

Fylgiskjal 1

Stjórnarfundur KSÍ 13. desember 2018

Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Tillaga að breytingu á grein 1.d.

Breytingar á grein 1.d. í staðalsamningi KSÍ. Reglugerð KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Breytingar sem lagðar eru til eru **grænmerktar**.

Það sem lagt er til að falli út er **rauðmerkt** og **yfirstrikað**

Ákvæði 1.d í staðalsamningi KSÍ, sem er svohljóðandi:

d. Leikmanni er óheimilt að taka þátt í veðmálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar eða annarri tengdri starfsemi sem rýrt getur trúverðuleika leikmanns eða félags.

verði svohljóðandi:

d. Leikmanni er óheimilt að taka þátt í **eða stunda veðmál, beint eða óbeint, sem tengjast leik samningsfélags og/eða leik aðildarfélags KSÍ. Verði leikmaður uppvis af broti á framangreindu og/eða á ákvæðum 4.3. og 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót, getur það varðað fyrirvaralausri uppsögn á samningi þessum. Verði leikmaður uppvis að hagræðingu úrslita, eða þátttöku í hagræðingu úrslita leiks samningsfélags og/eða leiks aðildarfélags KSÍ getur það varðar fyrirvaralausri uppsögn á samningi þessum.** ~~veðmálum innan knattspyrnuhreyfingarinnar eða annarri tengdri starfsemi sem rýrt getur trúverðuleika leikmanns eða félags.~~

Greinargerð:

Um er að ræða breytingu sem unnin er af laga- og leikreglnanefnd KSÍ í kjölfar vinnu skipaðs starfshóps um vinnu gegn veðmálum og hagræðingu úrslita. Laga- og leikreglnanefnd KSÍ fundaði 5. desember sl. vegna fyrirhugaðra vinnu að gerð KSÍ reglugerðar sem ætlað er að sporna gegn veðmálum og hagræðingu úrslita í knattspyrnuhreyfingunni. Nefndarmenn voru sammála um ÍSÍ þyrfti að vera miðlægur aðili í vinnu gegn veðmálasvindli og hagræðingu úrslita. ÍSÍ myndi byrja á því að setja reglugerð sem tæki til allra sérsambanda. Sérsamböndin kæmu svo til með að setja á laggirnar eigið innra regluverk um eigið verklag, viðurlög og fræðslu. Regluverk KSÍ tæki mið af reglugerð ÍSÍ í málaflokknum. Vitað er að ÍSÍ er sem stendur að vinna að innleiðingu reglugerðar sem hefur fyrirmynd af reglugerð alþjóða ólympíusamtakanna.

Laga- og leikreglnanefnd sér þó ekkert því fyrirstöðu að styrkja ákvæði um veðmál og hagræðingu úrslita sem nú þegar eru til staðar í regluverki KSÍ. Leggur nefndin því til framangreinda breytingu á grein 1.d. í staðalsamningi KSÍ.